

8. gr.

169

Þangað til sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur skal jafnan leggja alla vöxtu sjóðsins við höfuðstólinn, en úr því má verja hálfum vöxtum til kaupa á læknaáhöldum handa sjúkrahúsinu unz sjóðurinn er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en úr því má verja $\frac{3}{4}$ vöxtum til kaupa slíkra áhalda. Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins, innlög hans né $\frac{1}{4}$ vaxtanna.

11. okt.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

170

um sérstaka friðun rjúpna.

13. okt.

Með því að rjúpum hefur fækkað í landinu að undanfögnu, verður ekki hjá því komizt að friða rjúpur alveg þetta ár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924 skipar ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðaðar frá 15. október til ársloka.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

171

um sérstakan tímareikning.

14. okt.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefur á Íslandi frá 2. marz s. l., samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, frá 25. febrúar 1941, breytist aftur í islenzkan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 2. nóvember næstkomandi, þannig, að kl. 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. október 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.